Minnisblað

Höfundur: Heiða Ösp Kristjánsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs og Dagný Hróbjartsdóttir sérfræðingur á fjármálasviði

Dags: 5.11.2026

Viðtakandi: Fræðslu og frístundarnefnd

Málsnúmer: 2611048

Minnisblað er varðar kynningu á stöðu úthlutunarlíkana fjármagns til leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu Árborg

Árið 2022 hófst undirbúningur að innleiðingu á úthlutunarlíkönum vegna fjármagns til reksturs leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu Árborg. Úthlutunarlíkönin hafa verið í stöðugri þróun síðan og fjárhagsáætlun árið 2024 tók mið af úthlutunarlíkani í grunnskólum og 2025 í leikskólum sveitarfélagsins. Hafin er samvinna í gegnum Samband Íslenskra sveitarfélaga um frekari þróun úthlutunarlíkansins og er Árborg einn af þátttakendum í samráði við Hafnarfjörð, Kópavog og Mosfellsbæ.

Á árinu 2026 var rúmlega 9,3 milljörðum úthlutað til reksturs leik- og grunnskóla í Árborg. Þar af var launkostnaður um 6,6 milljarðar eða um 70% úthlutunar og um 30% fjármagnsins fór því í annan rekstur stofnananna. Úthlutun fjármagns til leik- og grunnskóla í gegnum úthlutunarlíkan er í dag í formi stöðugilda. Unnið er út frá ákveðnum grunnforsendum þar sem stöðugildi eru reiknuð út og þeim úthlutað eftir ákveðnum stöðugildakvóta. Grunnforsendur eru til dæmis nemendafjöldi, fjöldi nemenda með sértækan stuðning og fjöldi nemenda með fjölmenningarlegan bakgrunn. Undir grunnforsendur flokkast líka sem dæmi ákveðinn hámarksfjöldi nemenda í bekk og viðmiðunarfjöldi kennslustunda á árgang.

Þessar forsendur, meðal annarra, mynda grunn fyrir stöðugildakvóta sem skiptist svo í fyrir fram ákveðna flokka, sem dæmi fær grunnskóli úthlutað stjórnendakvóta, kennslukvóta, kvóta fyrir almenna starfsmenn (t.d. eldhús, húsvarsla, bókasafn, námsráðgjöf, UT umsjón), sérkennslukvóta og svo afleysingarkvóta. Ekki hefur enn verið þróaður rekstrarhluti úthlutunarlíkansins en það fjármagn sem úthlutað er í rekstur fer að mestu leyti í húsaleigu, akstur og matarkostnað.

Sambærileg úthlutun er til leikskóla þar sem grunnforsendur eru stöðugildi út frá aldri barna en eftir því sem börn eru yngri þá er hver starfsmaður með færri börn. Einnig er úthlutað stjórnendakvóta, starfsfólk í eldhús, sérkennslukvóta og svo afleysingakvóta.

Lagt er til að stofnaður verði faghópur til áframhaldandi þróunar og formfestingar á úthlutunarlíkönunum. Lagt er til að árið 2027 verði settur á laggirnar faghópur um þróun úthlutunarlíkans í grunnskólum og árið 2028 um úthlutunarlíkan í leikskólum. Í faghópnum

ætti sæti sviðsstjóri fjölskyldusviðs, sérfræðingar frá fjármálasviði, fulltrúi skólastjórnenda, fulltrúi deildarstjóra og sérfræðingur skólaþjónustu. Einnig er lagt til að hefja undirbúning fyrir úthlutunarlíkan fyrir frístund og sérdeild Sunnulækjarskóla. Árið 2027 verður þróun á rekstrarhluta leik- og grunnskólalíkansins. Ytri breytur hafi líka áhrif og er mikilvægt að taka með í þróunarvinnu, svo sem samfélagslegar áskoranir í umhverfi barna og ungmenna.

Mat sviðsstjóra og sérfræðings í fjármáladeild er að líkanið hafi skilað tilætluðum árangri þ.e.a.s. að úthlutun fjármagns fari fram með skýrum og skilmerkilegum hætti og sé til sífelldrar endurskoðunar eftir eðli og umfangi stofnana